# Skipulagslýsing

Skv. 1.mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

## Helstu viðfangsefni og áherslur

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis á Hópsnesi. Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Nesvegi til austurs og suðurs. Til norðurs er Austurvegur og til vesturs er Bakkalág og smábátahöfnin. Norðan Bakkalágar eru Hópsbæirnir og þjóðminjaverndarsvæði tengt þeim. Afmörkun svæðisins má sjá með blárri línu á loftmynd og aðalskipulagsuppdrætti.  Stærð skipulagssvæðisins er um 33 ha.

Deiliskipulagið er unnið með það að meginmarkmiði að uppfylla þá stefnu aðalskipulags að stefnt skuli að fjölbreyttu atvinnulífi á sem flestum sviðum.  Til þess er nauðsynlegt að bæjarfélagið geti boðið þeim fyrirtækjum sem hyggjast starfa í sveitarfélaginu upp á tilbúið grunnkerfi s.s. lóðir og samgöngukerfi.

Ætlunin er að á svæðinu verði tiltölulega lágreist byggð og boðið verði upp á misstórar lóðir og byggingarreiti sem hentað geti litlum og meðalstórum fyrirtækjum.  Hverfið er í góðum tengslum við byggðina og býður því upp á vistvæna samgöngumáta milli heimils og vinnustaðar.

Til þess að fyrirtæki geti sótt um og fengið starfsleyfi á grundvelli laga nr 7/1998 og reglugerðar 785/1999 þarf að vera á svæðinu gildandi deiliskipulag.

## Fyrirliggjandi stefna og forsendur

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli endurskoðaðs aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030 sem auglýst er skv. 1. mgr. 18. gr. Skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 á tímabilinu frá 9. apríl til 23. maí 2011.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 er  svæðið skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði og gert er ráð fyrir starfsemi í samræmi við þá landnotkun. Nokkur uppbygging hefur verið á svæðinu og er þar að finna ýmiss konar starfsemi og hluti gatnakerfis þegar tilbúinn. Aðkoma að svæðinu er um Eyjasund bæði frá Nesvegi og Bakkalág.

Fornleifaskráning var gerð á svæðinu árið 2002 af Fornleifastofnun Íslands og eru fjórar fornleifar staðsettar innan skipulagssvæðisins. Ekki er gert ráð fyrir röskun fornminja.

Landeigandi alls svæðisins er Grindavíkurbær en lóðaleigusamningar hafa verið gerðir á svæðinu til 75 ára.

## Skipulagsferli, kynning og samráð

### Drög að skipulagsferli

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum birt með fyrirvara um breytingar.

| | |
|---|---|
| -Maí 2011 | Lýsing á skipulagsverkefni send Skiplagsstofnun til umsagnar |
| -Júní 2011 | Lýsing á skipulagsverkefni auglýst í Tíðindunum og á heimasíðu Grindavíkurbæjar |
| -Ágúst 2011 | Afgreiðsla bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu vegna heimildar til auglýsingar |
| -Ágúst-september 2011 | Auglýsing deiliskipulagstillögu |
| -September-október 2011 | Móttaka athugasemda |
| -Nóvember 2011 | Samþykkt deiliskipulags í skipulags- og byggingarnefnd og bæjarstjórn |
| -Nóvember 2011 | Samþykkt deiliskipulag sent Skipulagsstofnun |
| -Nóvember 2011 | Gildistaka deiliskipulagsins auglýst |

### Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun til umsagnar. Einnig verður óskað umsagna frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og bæði hafnar- og umhverfisnefnd Grindavíkurbæjar.

Skipulagslýsing verður auglýst og tekið við athugasemdum vegna hennar.

Gert er ráðfyrir að á vinnslutíma skipulagsins verði haft samráð við þá aðila sem nú þegar stunda atvinnurekstur á svæðinu.

Deiliskipulagstillagan verður auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Öllum er heimilt aðgera athugasemdir við tillöguna á auglýsingatíma og verður öllum athugasemdum svarað skriflega.



Afmörkun deiliskipulagsreits. Loftmynd: Samsýn ehf



Úr tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030

SAMÞYKKTIR

Skipulagslýsing þessi var samþykkt í

Skipulags- og byggingarnefnd:

þann ................................ 2011

Bæjarstjórn:

þann ................................ 2011

Tillagan var auglýst frá ........................................ 2011

með athugasemdafresti til .................................. 2011

GRINDAVÍK

IÐNAÐARSVÆÐI VIÐ EYJABAKKA
SKIPULAGSLÝSING

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tillaga | | | Útgáfa 001 |
| Deiliskipulagsteikning.dgn | Mælikvarði 1:5000 | Blaðstærð A3 | Teikning nr. 001 |
| Unnið fyrir Grindavíkurbæ | | Dags. 26.04.2011 | Teiknað af BDI |

EFLA VERKFRÆÐISTOFA